

Nd. **718. Frumvarp til laga** [430. mál]

um að fella niður umboð núverandi bankaráða ríkisbankanna og kjósa ný bankaráð.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kjartan Jóhannsson, Jón Baldvin Hannibalsson,
Karvel Pálmason.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 28 19. maí 1976, um Búnaðarbanka Íslands, 9. gr. laga nr. 11 29. mars 1961, um Landsbanka Íslands, 28. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, og 9. gr. laga nr. 12 29. mars 1961, um Útvegsbanka Íslands, skal

umboð þeirra bankaráða, sem kosin voru á Alþingi 20. des. 1984, falla niður 1. maí 1985. Frá sama tíma skal Alþingi kjósa fimm menn í bankaráð fyrir hvern ríkisbanka og jafnmarga til vara sem ganga inn í kjörtíma þeirra bankaráða sem síðast voru kosin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og fram hefur komið samþykktu bankaráð ríkisbankanna nýlega að greiða bankastjórum árlegan launaauka að upphæð 450 þúsund kr. í stað bifreiðahlunninda. Þrjú af fjórum bankaráðum ríkisbankanna ákváðu einnig vísitölubindingu launaaukans sem þó er andstæð lögum.

Í umræðum utan dagskrár kom eftirfarandi fram í máli viðskiptaráðherra:

1. „Varðandi skoðun mína á vísitölubindingu umræddra launagreiðslna, þá er hún sú að vísitölubindingin sé andstæð lögum.“

2. „Áætlaðar skattgreiðslur munu innfaldar í fjárhæðinni. Þá greiða bankarnir rekstrarkostnað vegna bifreiða bankastjóra.“

Ekki hefur því verið á móti mælt að vísitölubinding launaaukans sé brot á lögum.

Þegar upplýst er síðan að í launaaukanum, til viðbótar föstum launum sem ríkið greiðir opinberum embættismönnum, eru reiknaðar áætlaðar skattgreiðslur embættismanna er auðvitað ljóst að sú ákvörðun hefur enga stoð í lögum og er lögleysa.

Margir hafa orðið til að fordæma harðlega og lýsa vanþóknun sinni á þessari ákvörðun, enda er hún algert siðleysi og ofbýður réttarvitund fólks í landinu sem orðið hefur að sæta stórfelldri kjaraskerðingu og afnámi vísitölubóta á laun í nærfellt tvö ár.

Um það þarf vart að fjölyrða að hér er um kalda kveðju og grófa ögrun að ræða við launafólk og lágtekjuhópa í þjóðfélaginu, enda renna bílastyrkirnir í vasa hæst launuðu embættismanna ríkisins og samsvara nærfellt þreföldum lágmarkslaunum í landinu og fjórföldum framfærslueyri fjölda elli- og örorkulífeyrisþega.

Allir þingflokkar og stærstu hagsmunasamtök launafólks í landinu hafa ályktað um þetta mál og lýst vanþóknun sinni á þessari ákvörðun.

Þó ákvörðun um þessar hlunnindagreiðslur hafi verið tekin af bankaráðunum er ábyrgðin ekki síður hjá ríkisstjórninni sem hefur haft að engu vilja Alþingis frá 22. maí 1984 um afnám bílakaupafríðindi embættismanna.

Þetta mál snýr líka að Alþingi Íslendinga. Bankaráðin eru kosin af Alþingi og fara með vald sitt í umboði þess. Þeir bankaráðsmenn, sem að þessari löglausu ákvörðun stóðu, hafa brugðist skyldu sinni, brugðist trúnaði við Alþingi Íslendinga sem veitir þeim umboð til þessa ábyrgðarstarfs. Þess vegna er það skylda Alþingis að bregðast við með viðeigandi hætti.

Vissulega er það svo að ekki bera allir núverandi bankaráðsmenn ábyrgð á þeirri ákvörðun sem nú hefur verið tekin. En með þeirri leið, sem hér hefur verið lögð til, að fella niður umboð núverandi bankaráða gefst Alþingi Íslendinga tækifæri til að leysa þau frá störfum og svipta þá umboði sem staðið hafa að lögleysu og brugðist hafa trausti Alþingis. Jafnframt opnast leið til að veita nýtt umboð þeim sem Alþingi svo kýs.

Hér er um hreina og afdráttarlausa aðgerð að ræða þar sem eitt er látið yfir alla ganga. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því að Alþingi geti endurkosið þá sem ekki hafa brugðist trausti þess.

Kjarni þessa máls er sá að Alþingi getur ekki látið það óátalið, eða setið hlutlaust hjá, þegar þeir, sem starfa í umboði Alþingis, bregðast trúnaði þess og brjóta gegn öllu velsæmi og réttlætisvitund fólks í landinu með ákvörðun sem bæði er siðlaus og andstæð lögum sem Alþingi Íslendinga krefur aðra um að fara eftir.